

Í hreppum þar sem verkefni hreppstjóra eru sérstaklega umfangsmikil eða þar sem þeim er gert að hafa opna skrifstofu tiltekinn tíma í viku hverri og hin föstu laun hrökkva eigi fyrir áætluðu vinnuframlagi getur dómsmálaráðherra ákveðið, að fengnum tillögum viðkomandi sýslumanns, að greiða hreppstjóra viðbótarlaun.

Auk launa skulu hreppstjórar fá greiddan útlagðan kostnað vegna hreppstjórarstarfsins. Heimilt er fjármálaráðherra að ákveða að starfskostnaður reiknist sem ákveðið hlutfall af launum.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda af hreppstjóra launum og um réttindi þeim tengd fer eftir reglum er fjármálaráðherra setur.

4. gr.

10. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör, að undanskildum þeim atriðum sem fjármálaráðherra ber að ákveða, sbr. 7. og 8. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. um hámarksaldur skulu þeir hreppstjórar, sem eru í starfi þegar lög þessi taka gildi og eru orðnir 70 ára fyrir 30. júní 1984, gegna starfi til 30. júní 1984 nema þeir óski að láta af starfi fyrir.

Nú lætur hreppstjóri af starfi vegna aldurs, sbr. 1. gr., á tímabilinu 1. júlí 1983 til 30. júní 1984 og skulu honum engu að síður greidd laun til 30. júní 1984.

Nú ber hreppstjóra lægri laun eftir ákvæðum laga þessara en honum hefði borið eftir eldri lögum og skal hann þá halda launum eftir hinum eldri lögum til 30. júní 1984.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:

Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldursskeiði 16—18 ára, sbr. ákvæði 1. mgr. 43. gr. þessara laga.

2. gr.

Við 1. mgr. 43. gr. þessara sömu laga komi eftirfarandi viðbót:

Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum sem að ofan greinir, þar með taldar kvikmyndasýningar, sbr. 58. gr. þessara laga, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ingvar Gíslason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir B-lið 1. mgr. 1. gr. laganna komi nýr liður svohljóðandi:

- C. Við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum skal, auk fulltrúa samkvæmt 1. mgr. 3. gr., einn fulltrúi af hálfu félaga seljenda og einn fulltrúi af hálfu kaupenda taka sæti í Fiskideild. Sjávarútvegsráðherra skipar fulltrúa þessa eftir tilnefningu samtaka, sem til þess eru bær að hans dómi. Leitast skal við að ná sem víðtækastri samstöðu viðkomandi hagsmunaaðila um tilnefningu fulltrúa samkvæmt þessum lið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.